

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, miðvikudagur, 26. janúar 2022
UST202201-158/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka - Bakka- og Skorholtsnáma. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 17. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Ráðgert er að taka að hámarki 1,2, milljón m³ úr Skorholtsnámu og samfara því ljúka efnistöku í Bakkanámu en þar gæti enn verið unnt að taka 100-200 m³ til viðbótar. Gert er ráð fyrir að efnistakan muni standa yfir í 10-15 ár. Efni verður flutt af svæðinu í námuna Hólabrú sunnan Akrafjalls þar sem frekari vinnsla mun fara fram.

Á þessum stað hefur verið stunduð efnistaka um áratuga skeið. Umhverfisstofnun telur jákvætt að halda áfram efnistöku við þessar aðstæður í stað þess að byrja að nýju annars staðar. Í þeim áfanga efnistökkunnar sem er til umfjöllunar verður efni tekið á um 5 ha svæði sem nú er ræktað tún. Talið er að unnt sé að vinna námuna allt að 25 m niður fyrir núverandi yfirborð. Fram kemur í greinargerðinni að helstu áhrif efnistökkunnar geti verið sjónræn áhrif auk óþæginda vega foks fínefna úr námunni. Umhverfisstofnun telur þetta rétt mat. Ráðgert er að skerma námuna af með jarðvegsmönnum sem gætu einnig dregið úr foki en auk þess verður reynt að vökva svæðið til að binda floggjarn efni þegar hvasst er. Fram kemur að vatn safnast fyrir í námubotninum og eru lagðar til aðgerðir til að koma vatni frá námunni.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um efnistöku góða sem og skilgreining helstu umhverfisáhrifa. Að mati Umhverfisstofnunar gæti orðið erfitt að aðlaga mjög djúpa gryfju að landi eins og fram kemur í greinargerð og gæti vatn sem stendur uppi í botninum gert frágang erfiðari. Í raun gæti verið betra að aðlaga svæðið að landi því stærra sem gryfjan er, en alls óvíst er að efnistöku ljúki á þessum stað með þeirri efnistöku sem hér er til umfjöllunar.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnes Þorkelsdóttir
Sérfræðingur

